

# HVER ER STAÐA SVEITARFÉLAGANNA Í DAG?

Mikilvægt er að kjósendur myndi sér skoðun um kosti og galla sameiningar.  
Eftirfarandi er greining á hvoru sveitarfélagi fyrir sig



## GARÐUR – STAÐAN

Stofnað 1908 21 km<sup>2</sup> land

ÍBÚAR

**Íbúafjöldi:** 1.625, fjölgaði um 6,0% á síðasta ári.

Meðalaldur 36,8 ár.

## REKSTUR

**Tekjur á íbúa:** 789.000 (13.000 yfir landsm.)

**Gjöld á íbúa:** 779.000 (14.000 yfir landsm.)

**Framlegð:** 79.000

- Tekjur og gjöld á hvern íbúa eru mun lægri í Garðinum en hjá Sandgerðisbæ

## EIGNIR OG SKULDIR

**Eign á hvern íbúa:** 2.166.000

- Heildareignir á hvern íbúa í Garði eru 400 þús.kr. lægri en í Sandgerði einkum vegna meiri fastafjármuna.
- Handbært fé á hvern íbúa í Garði er um 162 þús.kr. hærri en í Sandgerði.

**Skuldir á hvern íbúa:** 388.000

- Skuldir á hvern íbúa er um 1,6 m.kr. lægri í Garðinum en í Sandgerði.
- Skuldsetning Garðs hefur lækkað frá árinu 2013 um 20% og er það einkum í B – hluta meðan skuldir A – hluta hafa verið á bilinu 40-50% á tímabilinu.

**Eigið fé:** 1.660.000

- Eiginfjárstaða á hvern íbúa í Garði er mjög góð í samanburði við önnur sveitarfélög af svipaðri stærð.

## SKATTAR OG GJÖLD

Útsvar er 14,52% (hámarksútsvar eins og í Sandgerði)

Fasteignagjöld m.v. 130 fm<sup>2</sup> íbúð og 900.000 kr. tekjur hjóna: 188.263

Skólagjaldskrá er mjög sambærileg á milli sveitarfélaganna þó sýnu lægri í Garðinum.

Um það bil 2.000 krónum hærri á mánuði fyrir vísitölufjölskylduna.



## SANDGERÐI – STAÐAN

Stofnað 1886 65 km<sup>2</sup> land.

ÍBÚAR

**Íbúafjöldi:** 1.760, fjölgaði um 8,3% á síðasta ári.

Meðalaldur 36,1 ár.

## REKSTUR

**Tekjur:** 979.000 (212.000 yfir landsm.)

**Gjöld:** 945.000 (152.00 yfir landsm.)

**Framlegð:** 102.000

- Tekjur og gjöld á hvern íbúa eru mun hærrí hjá Sandgerðisbæ en í Garðinum

## EIGNIR OG SKULDIR

**Eign á hvern íbúa:** 2.568.000

- Heildareignir á hvern íbúa í Sandgerði er um 400 þús.kr. hærrí en í Garði einkum vegna meiri fastafjármuna.
- Handbært fé á hvern íbúa í Sandgerði er um 162 þús.kr. lægri en í Garði.

**Skuldir á hvern íbúa:** 2.039. 000

- Skuldir á hvern íbúa er um 1,6 m.kr. hærrí í Sandgerði en í Garði
- Skuldsetning Sandgerðisbæjar hefur lækkað frá árinu 2013 um 60% í A og B – hluta, þar af A – hluti um 50%.

**Eigið fé:** 889.000

- Eiginfjárstaða er góð í Sandgerði miðað við sambærilega sveitarfélög en þó töluvert lakari en í Garði.

## SKATTAR OG GJÖLD

Útsvar er 14,52% (hámarkútsvar eins og í Garði)

Fasteignagjöld m.v. 130 fm2 íbúð og 900.000 kr. tekjur hjóna: 244.364

Skólagjaldskrá er mjög sambærileg á milli sveitarfélaganna þó sýnu hærrí í Sandgerði.

Um það bil 2.000 krónum hærrí á mánuði fyrir vísitölufjölskylduna.